



Sauðárkróki, 13. febrúar 2020

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, mál 67.

Samkvæmt tillögum yrði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra falið að kanna hvort nægjanlegur búnaður og aðstaða sé á flugvellinum til að sinna millilandaflugi með minni farþegaflugvélum og vélum í ferjuflugi. Bygðastofnun telur að það sé eðlilegt verkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis að skoða hvaða búnaður þarf að vera til staðar til að flugvöllur eins og Hornafjarðarflugvöllur geti sinnt því hlutverki sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Það er æskilegt markmið að flughliðum til landsins verði fjölgað og að þau verði ekki öll í sama landshluta. Því hlýtur samanburður á stöðum sem til greina koma að vera gagnlegur til að meta þessar aðstæður.

Fyrir hönd Bygðastofnunar

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar

Alþingi v/Austurvöll
nefndarsvid@althingi.is
150 REYKJAVÍK

Reykjavíkflugvelli, 13. febrúar 2020
2001009EA

Efni: Tillaga til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 67. mál - svar Isavia ohf

Isavia ohf. barst beiðni frá nefndarsviði Alþingis að senda umsögn um þingsályktunartillögu 67. mál um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll.

Sambærilegar umsagnarbeiðnir hafa borist frá fyrri þingum auk þess sem sveitastjórnir og aðrir hagsmunaaðilar hafa óskað eftir að kannaðir verði möguleikar á millilandaflugi frá flugvöllum sem ekki þjóna millilandaflugi í núverandi kerfi. Ítarleg greinagerð var unnin á árinu 2008 þar sem leitast var við að taka saman kostnað við að uppfæra flugvelli á nokkrum stöðum í flokk millilandaflugvalla og áætlaðar tekjur viðkomandi flugvalla vegna millilandaflugs. Síðan þá hafa orðið miklar breytingar á reglugerðarumhverfi flugvalla og flugverndar og er nauðsynlegt að taka mið af þeim breytingum inni í skoðun þeirri sem þingsályktunartillagan leggur til.

Hornafjarðarflugvöllur hefur eina flugbraut sem er 1500m löng og 30m breið. Slitlag flugbrautar er klæðing (tjörubundin grús/olíumöl) og ber það ekki stærri flugvélar líkt og ef brautin væri malbikuð. Að auki gæti breidd flugbrautar verið takmarkandi þáttur. Því gæti þurft að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir á flugbraut ef horfa á til mikillar aukningar í umsvifi og breytingar á tegundum flugvéla sem nota völlinn.

Hornafjarðarflugvöllur er ekki búinn nauðsynlegum búnaði í flugvernd til að taka á móti millilandaflugfarþegum og ljóst að ráðast þyrfti í breytingar á flugstöð til að koma fyrir búnaði bæði vegna flugverndar og tollskoðunar. Að auki væri nauðsynlegt að fjölga starfsmönnum í daglegum rekstri á flugvöllinum.

Að lokum vill Isavia minna á að innanlandsflugvellir eru undirfjármagnaðir fyrir þau verkefni sem þeir sinna í núverandi kerfi og að uppsöfnuð framkvæmdaþörf eru nokkrir milljarðar miðað við óbreytt þjónustustig. Því myndi aukin þjónusta og breytt flugumferð kalla á auknar fjárveitingar, bæði fyrir framkvæmdir og þjónustu.

Virðingarfyllt,
f.h. Isavia ohf.



Eyjólfur Ármannsson
Lögfræðingur



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 11. febrúar 2020

Efni: Umsögn stjórnar SASS um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 67. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) fagnar framkominni tillögu og tekur undir með flutningmönnum hennar. Mikilvægt er að skoða hvort á Hornafjarðarflugvelli sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þáðan millilandaflugi með minni farþegaflugvélum og vélum í ferjuflugi sem núna hafa heimild til þess að fljúga um völinn.

Stjórn SASS hvetur til þess að þingsályktunin verði tekin til afgreiðslu og samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri

202001108 - Umsögn: Millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 67.mál

Erindi frá Alþingi dags. 30. janúar 2020 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um millilandaflugvöll um Hornafjarðarflugvöll 67, mál.

Bæjarráð fagnar því að þingsályktunartillagan er lögð fram og hvetur Alþingi til þess að samþykkja að farið verði í þessa vinnu. Bæjarráð tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar að mikilvægt sé að á Hornafjarðarflugvelli sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þaðan millilandaflugi með minni farþegaflugvélum og vélum í ferjuflugi til að treysta enn frekar atvinnulíf í Hornafirði og nágrenni og stuðla að frekar uppbyggingu og vexti Vatnajökulsþjóðgarðs.

Kveðja
Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri
Sveitarfélagið Hornafjörður
470 8000



samvinna – heiðarleiki – metnaður